

Vesturbyggð
(sent rafrænt á vesturbyggd@vesturbyggd.is)

Ísafirði 25. janúar 2019

Ráðstöfun fjármagns áhersluverkefnis Vestfirðir altengdir 2018.

Á árinu 2016 var samþykkt í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða yrði verkefnið *Vestfirðir altengdir 2018*, yrði verkefnið til þriggja ára. Úthlutað fjármagn næmi 1.350 þkr á ári eða alls 4.050 þkr. Í verkefnislýsingu segir;

Verkefnið er stutt í heild með verkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“, stefnt er að því að verkefnið haldi áfram á næstu þrem árum með tengingu alls dreifbýlis á Íslandi. Vestfirsk sveitarfélög hafa haft sem ærið verkefni að fá stofntengingar inn í landshlutann og hafa því lítt geta hugað að tengingu dreifibýlis. Önnur sveitarfélög eru kominn mun lengra með skipulag í þessum efnum og hætta er á að verkefni á Vestfjörðum færast aftar í framkvæmdaröð. Því er talið mikilvægt að geta hraða þeim málum á Vestfjörðum og fenginn verði ráðgjafi sem aðstoði sveitarfélögin í skipulagi og hafi tæknilega þekkingu. Tæknideildir sveitarfélaga leggi fram aðra vinnu við verkefnið.

Verkefnið vannst ekki á þeim forsendum sem lagt var upp með. Þegar á reyndi var ekki áhugi fyrir að vinna verkefnið miðlægt. Staða sveitarfélaganna var mismunandi varðandi undirbúning og greiningu á stöðu. Eins hafði veruleg áhrif að fyrirkomulag úthlutunar Fjarskiptasjóðs var breytt úr kerfi er byggði á mati á þörf, yfir í ígildi samkeppnissjóðs á milli sveitarfélaganna t.d. varð það letjandi þáttur í samstarfi að miðla upplýsingum.

Í ljósi reynslu ársins 2017 var ákveðið að hætta verkefninu. Fjármunum fyrir árið 2018 var ráðstafað til annarra áhersluverkefna en með þessu erindi er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna og sett fram tillaga um ráðstöfun eftirstöðvar.

Um framkvæmd.

Á árinu 2016 var samið var við ráðgjafa (Snerpa ehf) um að veita sveitarfélögum ráðgjöf við undirbúning umsókna í útboði Fjarskiptasjóðs fyrir verkefnið Ísland ljóstengt vegna úthlutunar fyrir árið 2016. Reykhólahreppur, Strandabyggð og Kaldrananeshreppur nýttu sér eigin ráðgjafa en óskuðu eftir sértæku framlagi. Öll sveitarfélög nema Árneshreppur sendu síðan inn umsókn en einungis tvö fengu úthlutun.

Á árinu 2017 var Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða fengið til samstarfs með Fjórðungssambandi Vestfirðinga til að veita ráðgjöf. Ekki reyndist þörf fyrir slíka ráðgjöf og sveitarfélögin unnu sjálf að umsóknum inn í verkefnið *Ísland ljóstengt*. Fjarskiptasjóður breytti einnig úthlutunarreglum og horfði til sjónarmiða dreifbýlla sveitarfélaga og er nú hluti úthlutunar á grunni mats á stöðu byggðarlaga. Alls fengu fimm sveitarfélög á Vestfjörðum úthlutun.

Tillaga að ráðstöfun fjármuna.

Við uppgjör verkefnis er ráðstafað eftirstöðvum ársins 2016, kr 300.000,- og ársins 2017 kr 1.350.000,-, samtals kr 1.650.000,-. Lagt er mat á hvort sveitarfélag hafi nýtt sér vinnu ráðgjafa á árinu 2016 og hver óskuðu eftir sértæku framlagi. Eins er horft til að sveitarfélögin hafa öll unnið að verkefninu með vinnu eigin starfsfólks og eða með aðkeyptri ráðgjöf. Því er lagt mat á umfang verkefnisins hjá hverju og einu sveitarfélagi með viðmið eftir fjölda tengipunkta og flatarmáls (fjarlægða) sveitarfélagsins.

Niðurstaða er sem hér segir;

Árneshreppur	118.304
Vesturbyggð	183.036
Tálknafjarðarhreppur	82.589
Ísafjarðarbær	123.884
Bolungarvíkurkaupstaður	82.589
Súðavíkurhreppur	159.598
Kaldrananeshreppur	300.000
Reykhólahreppur	300.000
Strandabyggð	300.000
Samtals	1.650.000
Ráðgjöf 2016 greitt af FV	1.050.000
Samtals framlög 2016 og 2017	2.700.000

Framlag til sveitarfélaganna verður greitt út nú fyrir lok þessa mánaðar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu

Áhersluverkefni; verkefnalýsing.

Verkefni 4	Heiti verkefnisins <i>Vestfirðir altengdir 2018</i>
Markmið (1-2 setningar)	<i>Vestfirðir verði fyrsti landshlutinn utan höfuðborgarsvæðis með ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem þéttbýli.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Hringtenging stofnleiða ljósleiðara á Vestfjörðum og tenging Drangsness sem síðasta þéttbýlisstaðar á Vestfjörðum, sem ekki er tengdur ljósleiðara, líkur á árinu 2016. Verkefnið er stutt í heild með verkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“, stefnt er að því að verkefnið haldi áfram á næstu þrem árum með tengingu alls dreifbýlis á Íslandi. Vestfirsk sveitarfélög hafa haft sem ærið verkefni að fá stofntengingar inn í landshlutann og hafa því lítt geta hugað að tengingu dreifibýlis. Önnur sveitarfélög eru kominn mun lengra með skipulag í þessum efnum og hætta er á að verkefni á Vestfjörðum færist aftar í framkvæmdaröð. Því er talið mikilvægt að geta hraða þeim málum á Vestfjörðum og fenginn verði ráðgjafi sem aðstoði sveitarfélögin í skipulagi og hafi tæknilega þekkingu. Tæknideildir sveitarfélaga leggi fram aðra vinnu við verkefnið.
Framkvæmdaaðili	Fjórðungssamband, samráðsvettvangur sveitarfélaga eða eitt sveitarfélaga sem leiði verkefnið með starfsmanni.
Samstarfsaðilar	Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Auðveldar aðgengi íbúa að þjónustu, menntun og sköpun nýrra atvinnutækifæra.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi tenginga
Lokafurð	Allt dreifbýli á Vestfjörðum tengt ljósleiðara
Tímarammi	2016-2018
Heildarkostnaður	4.050.000,- (ráðgjafi eingöngu)
Tillaga 2017	1.350.000,-